

REGLUGERÐ

um mælingu skipa með lengd allt að 24 metrum.

1. gr.

Gildissvið.

1.1 Reglur þessar gilda um öll skráningarskyld skip með skráningarlengd allt að 24 metrum.

1.2 Reglurnar gilda um skip sem hafin er smíði á eða eru keypt til landsins eftir gildistöku reglnanna.

1.3 Reglurnar gilda einnig um skip sem hafin var smíði á fyrir gildistöku reglnanna, að því marki sem hér greinir:

- þegar gerðar hafa verið breytingar á skipum, sem hafa áhrif á mælingu þeirra;
- ef skipin hafa skutgeymi sem ekki er mældur með í mestu lengd;
- ef eigendur óska eftir endurmælingu.

1.4 Samgöngustofa er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessara reglna, þegar um er að ræða skip afbrigðilegrar gerðar eða til mjög sérhæfðra nota.

2. gr.

Orðskýringar.

2.1 Brúttótonnataka er heildarstærð skipsins, mælt samkvæmt reglum þessum.

2.2 Skráningarlengd er sú lengd skips, sem lögð er til grundvallar við stærðarmælingu þess samkvæmt reglum þessum.

2.3 Skráningarbreydd er sú breidd, sem lögð er til grundvallar við stærðarmælingu þess samkvæmt reglum þessum.

2.4 Skutgeymir er geymir sem settur er aftan á skip og virkar aðeins sem flotholt, en nýtist ekki að öðru leyti.

2.5 Skriðbretti eru plötur sem festar eru á skut og ætlað er að auka ganghraða skipa.

2.6 Jafnvægisstýri eru stillanlegar plötur á skut, sem ætlaðar eru til að stjórna stafnhalla eða draga úr halla meðan skipið er á ferð.

2.7 Svalir er pallur eða svæði aftan við aftari enda mælipunkts skráningarlengdar, sem nota má til þess að bera afla, veiðarfæri eða annan búnað, og er fasttengdur skipinu.

2.8 Síðustokkar eru geymar sem settir eru utan á síður skipa til þess að auka burðargetu eða stöðugleika þeirra.

2.9 Mesta lengd, L_m, er heildarlengd skips sem lögð er til grundvallar við stærðarmælingu þess samkvæmt reglum þessum.

3. gr.

Almennt.

3.1 Áður en smíði skips hefst, eða svo fljótt sem verða má eftir að smíði hefst, skal eigandi eða skipasmiðastöð senda Siglingastofnun útreikninga á brúttó- og nettótonnatölu skipsins.

3.2 Þegar sótt er um skráningu skips, skulu liggja fyrir útreikningar á stærð skipsins.

3.3 Útreikningar á brúttó- og nettótonnatölu skipa skulu á skýran hátt sýna staðsetningu þverskurða, öll mæligildi og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ganga úr skugga um rétta stærð skipsins. Útreikningunum skulu fylgja eftirgreindar teikningar og önnur gögn, eftir því sem við á:

- aðalfyrirkomulag
- línu- eða bandateikning
- miðbandsteikning
- langskurðarteikning
- teikningar af yfirbyggingum og öðru sem áhrif hefur á mælingu ofan þilfars.

- mæliskýrsla þess aðila sem er ábyrgur fyrir mælingu skipsins og tilgreinir með hvaða hætti mælingar voru framkvæmdar um borð í skipi og gerir Samgöngustofu mögulegt að sannreyna framkvæmd og niðurstöður mælinga.

3.4 Allar teikningar og mæligögn skal varðveita hjá Samgöngustofu, sem fylgiskjal með mæliskýrslum.

3.5 Samgöngustofa getur gert kröfu um viðbótarteikningar eða nánari upplýsingar um framkvæmd mælinga og skráningu mæligilda ef framangreindar teikningar og gögn teljast ófullnægjandi.

3.6 Skutgeymar mælast ekki með í skráningarlengd skips, enda sé form þeirra og fyrirkomulag samkvæmt nánari fyrirmælum Samgöngustofu. Skutgeymar mælast undir öllum kringumstæðum með í mestu lengd.

3.7 Svalir mælast ekki með í skráningarlengd skips, enda sé form þeirra og fyrirkomulag samkvæmt nánari fyrirmælum Samgöngustofu. Svalir mælast undir öllum kringumstæðum með í mestu lengd.

3.8 Samgöngustofu er heimilt að setja verklagsreglur er kveða nánar á um framkvæmd og túlkun á ákvæðum þessarar reglugerðar.

4. gr.

Mælibréf.

4.1 Skip sem reglur þessar ná til, skulu hafa um borð íslenskt mælibréf útgefið af Siglingastofnun.

4.2 Samgöngustofa getur heimilað yfirvöldum annarra ríkja og öðrum hæfum aðilum, sem hafa fengið til þess umboð hennar, að gefa út mælibréf samkvæmt reglum þessum.

5. gr.

Aðalmál.

5.1 Aðalmál skipa skulu mæld á þann veg sem greinir í kafla þessum. Sjá einnig myndir aftast í reglunum.

5.2 Skráningarlengd, Ls, skal mæld sem hér greinir:

- Á opnum skipum skal skráningarlengdin mæld frá ytri brún spónfars eða ytri hlið plötustefnis að framan, að ytri brún spónfars eða ytri hlið plötustefnis að aftan. Skráningarlengdin skal mæld við efri brún borðstokks eða við samsetningu á bol og borðstokki á bátum úr trefjaplasti, nema bolur nái fram eða aftur fyrir borðstokkinn eða samsetninguna. Sjá mynd 1 A, myndir 2 A og B og 3 A og B.

- Á þilfarsskipum með mestu lengd allt að 15 metrum, skal skráningarlengdin, Ls, mæld á milli þeirra punkta þar sem neðri hlið mælingarþilfars mætir ytri hlið súðar við fram- og afturstefni eða ytri hlið plötustefna. Nái bolur skips eða einhver lokaður hluti skips fram eða aftur fyrir framangreinda punkta skal skráningarlengdin mæld á milli ystu punkta þeirra skipshluta í skut og stefni sem veita eða geta veitt skipinu aukið særými og aukna burðargetu. Á skipum með hluta þilfarsins lyftu, skoðast báðir hlutar þess sem mælingarþilfar. Þó skal mæla fram að samsetningu á hvalbak og bol þar sem lyftiþilfarið myndar hvalbak. Sjá mynd 1 B, myndir 4 A og B og 5 A og B. Þegar þilfar er með þrepi sem ekki myndar hvalbak skal við ákvörðun þeirra punkta sem að ofan getur miða við þann punkt þar sem framhaldslína þess þilfarshluta sem lengri er, mætir ytri hlið súðar. Skipshlutar sem mynda opin en umlukt rými og sem af þeim sökum mælast ekki með í skráningarlengd skips skulu vera þannig úr garði gerð að ekki sé með einföldum hætti mögulegt að loka þessum skipshlutum, ef lokunin hefði áhrif á skráningarlengdina.

- Á þilfarsskipum með mestu lengd 15 metra eða meiri, skal skráningarlengdin vera 96% af heildarlengd sjólinu við 85% af minnstu mótuðu dýpt, mældri frá efri brún kjalar, eða lengdin frá fremri brún stefnis að miðju stýrisáss á sömu sjólinu, ef hún er stærri. Á skipum, sem hönnuð eru með kjalarhalla, skal sjólinan, sem lengd þessi mælist á, vera samhliða hannaðri sjólinu. Sjá mynd 6.

5.3 Mesta lengd, Lm, er heildarlengd skipsins, þar með taldir allir fastir hlutar bolsins, svo sem skriðbretti, perustefni, skutgeymar og hlífðarlistar sem teljast hluti bolsins. Hins vegar skal ekki mæla gúm- eða trélista til hlífðar, stýrisfjaðrir, utanborðsvélar eða utanborðsdrif né annan auðlosanlegan búnað svo sem handrið, jafnvægisstýri, hlífðargrindur við utanborðsdrif og þess háttar. Samgöngustofa mælir nánar fyrir í verklagsreglu um skilyrði þess að fastir hlutar skips teljist ekki hluti mestu lengdar skips.

5.4 Skráningarbreidd skips, Bs, skal mæld í þilfarshæð eða þar sem breidd þess er mest neðan þilfars á þilfarsskipum en þar sem breidd bolsins er mest á opnum skipum. Breiddin skal mæld á innri hlið síðu á skipum með málmbyrðing, en ytri hlið á skipum úr öðru efni. Sjá myndir 6 og 7. Þegar bætt er utan á bol skipsins síðustokkum eða rýmum sem veita aukna burðargetu eða bættan stöðugleika, skal mæla breidd til ytri marka slíkra skipahluta, ef stökkarnir ná út fyrir byrðing skipsins.

5.5 Mótuð dýpt skips, D, skal mæld lóðrétt á miðri skráningarlengd skipsins sem hér greinir:

- Á skipum án þilfars, skal dýptin mæld frá efri brún borðstokks að efri brún spónfars á kilinum eða innri hlið plötukjalar, nema á tréskipum, þar skal mælt niður að neðri brún spónfars á kilinum. Sjá myndir 6 og 7.

- Á þilfarsskipum skal dýptin mæld frá neðri hlið þilfars við skipshlið að efri brún spónfars á kilinum eða innri hlið plötukjalar, nema á tréskipum, þar skal mælt niður að neðri brún spónfars á kilinum. Sjá myndir 6 og 7.

Á skipum með tvö þilför, skal mæla frá því þilfari sem ætlað er að mæta ágangi veðra og sjávar, sem almennt er efra þilfarið. Á skipum með mestu lengd 15 metra eða meiri, með aðeins hluta þilfarsins lyftu, skal lægri hluti þilfarsins og lína í framhaldi af honum samsíða lyfta hlutanum, skoðast sem mælingarþilfar.

Ef formið á botni skips við kjölinn er ávalt, án skarpra skila, skal dýpt þess mæld að þeim punkti, sem framlengd lína frá efri hlið flata hluta botnsins, sker framlengda línu innri hliðar kjalarins. Sama gildir á þilfarsskipum með ávala þröm, þar skal mæla að þeim punkti sem framlengd lína neðri hliðar þilfarsins, sker framlengda línu flata hluta síðunnar.

6. gr.

Mæling opinna skipa og mæling þilfarsskipa styttri en 15 metrar að mestu lengd.

6.1 Ákvæðin í kafla þessum gilda um mælingu á opnum skipum með skráningarlengd allt að 24 metrum og þilfarsskipum með mestu lengd allt að 15 metrum. Siglingastofnun getur þó heimilað að opin skip lengri en 24 metrar séu mæld samkvæmt reglum þessum.

6.2 Brúttótonnataka, BT, skal reiknuð sem hér greinir:

$BT = (L_t)^2 \times B_s \times 0,031$ þar sem:

L_t = tonnalengd = $L_m \times 0,96$, en skal þó aldrei vera minni en skráningarlengdin L_s skv. gr. 5.2.

B_s = skráningarbreidd skv. gr. 5.4.

L_m = mesta lengd skips samkvæmt gr. 2.9.

6.3 Nettótonnataka, NT, skal reiknuð sem hér greinir:

$NT = BT \times 0,3$, þar sem:

BT = brúttótonnataka skv. gr. 6.2.

7. gr.

Mæling skipa 15 metrar að mestu lengd eða lengri.

7.1 Ákvæðin í kafla þessum gilda um mælingu þilfarsskipa 15 metra að mestu lengd eða lengri.

7.2 Við mælingu skal fara eftir ákvæðum í viðauka 1 í Alþjóðasamþykkt um skipamælingar, sem undirrituð var í London 23. júní 1969.

7.3 Brúttótonnataka, BT, skal reiknuð sem hér greinir:

$BT = K_1 \cdot V$, þar sem

$K_1 = 0,2 + 0,02 \cdot \log 10 V$

V = heildarrúmmál allra lokaðra rýma skipsins í metrum.

7.4 Nettótonnataka, NT, skal reiknuð sem hér greinir:

$NT = BT \cdot 0,3$, þar sem

BT = brúttótonnataka skv. gr. 7.3.

8. gr.

Gildistaka.

8.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 146/2002, um skipamælingar, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Sjá myndir 1-7 í Stjórnartíðindum

B-68-73, bls. 1184-1190.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.